

## Samantekt fundar verkefnaráðs Lyklafellsínu 1

Fundur verkefnaráðs nr. 1. 29. október 2020 – Kl: 15.00

Verkefnisnúmer: 2020 – 06-58

Fundur haldinn á: Teams

Samantekt fundar ritaði: Elín Sigríður Óladóttir

Verkefnaráð	
Guðbjörg Brá Gísladóttir (GBG)	Garðabær
Eysteinn Haraldsson (EH)	Garðabær
Steingrímur Hauksson (SH)	Kópavogsbær
Jóhanna Björg Hansen JBH)	Mosfellsbær
Jón Kjartan Ágústsson (JKÁ)	Samtök Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hörður Þorsteinsson (HP)	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfj – og Kópavogssvæðis
Linda Hrönn Þórisdóttir LHP)	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfj – og Kópavogssvæðis
Hannes T. Hafstein (HH)	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
Ragnar Unnarsson (RU)	Hraunavinir
Helena Mjöll Jóhannsdóttir (HMJ)	Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
Lárus M.K. Ólafsson (LM.K.Ó)	Samtök Iðnaðarins
Aðalsteinn Sigurgeirsson (AS)	Skógræktin
Þorgerður María Þorbjarnardóttir (ÞP)	Ungir Umhverfissinnar
Jón Arnar Jónsson (JAJ)	Íbúasamtök Vallarhverfis
Stefán Georgsson (SG)	Íbúasamtök Vallarhverfis
Kristinn Pálsson (KP)	
Lárus Vilhjálmsson (LV)	Hraunavinir
Landsnet	
Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ)	Landsnet
Hlín Benediktsdóttir (HB)	Landsnet
Rut Kristinsdóttir (RK)	Landsnet
Sverrir Jan Norðfjörð (SVJ)	Landsnet
Smári Jóhannsson (SJ)	Landsnet
Steinunn Þorsteinsdóttir (SP)	Landsnet

## Dagskrá:

- **Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi**  
*Samráð og skipulag verkefnaráðs*
- **Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs**  
*Landsnet, hlutverk og markmið*
- **Smári Jóhannesson, verkefnastjóri**  
*Staða verkefnisins og næstu skref*
- **Rut Kristinsdóttir, sérfræðingur á umhverfismálum**  
*Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*

## Umræður og samantekt

## **1. Samráðsvettvangurinn**

Elín fjallaði um samráð og samráðsferlið í þessu verkefni. Rúm 3 ár eru síðan Landsnet mótaði stefnu um samráð, m.a. eftir gagnrýni sem komið hafði fram en einnig vegna tafa á verkefnum. Farið var yfir helstu þætti almennt sem og önnur verkefnaráð sem hafa verið stofnuð í öðrum verkefnum Landsnets. Sú vinna sem fram fer í verkefnaráði er samráð sem viðhaft er utan lögbundinna ferla. Á fundum verkefnaráðs er farið yfir ýmis atriði s.s. hagsmuni, umhverfisáhrif, jarðstrengi, kostnað, málsmeðferð og stefnu stjórnvalda. Öllu jafna er fundað 3-5 sinnum á ári í verkefnaráði og er yfirleitt fundað oftár á fyrstu stigum verkefnis. Boðað er til næsta fundar í verkefnaráði Lyklafellslínu 1, 11. nóvember.

## **2. Landsnet, hlutverk og markmið**

Sverrir Jan fjallaði um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi. Landsnet er sérleyfishafi raforku á Íslandi og fer með kerfisstjórn. Fjallað var um af hverju þarf að styrkja byggðalínu, en þar ráða einkum þættir eins og aldur og kröfur, stærð kerfis og betri nýting auðlinda. Farið var yfir raforkuspá sem unnin er af orkuspárnefnd. Fjallað var um jarðstrengi, en ekki er unnt að leggja allt kerfi í jörðu út frá raftæknilegum forsendum. Landsnet horfir til þríhyrnings um jafnvægi í þróun, öryggi, verðmæti og umhverfi og samfélag.

## **3. Staða verkefnisins og næstu skref**

Smári Jóhannsson fór yfir forsögu verkefnisins, að línan hefði verið hluti af umhverfismati Suðvesturlína 2009. Fór yfir tímalínu verkefnisins og stefnu stjórnvalda varðandi lagningu raflína. Sýndi þróun á legu lína á þessu svæði og hvernig þær eru að hverfa í jörð eða færst fjær byggðinni.

## **4. Umhverfis og skipulagsmál**

Rut fjallaði um umhverfis- og skipulagsmál fór yfir ferli umhverfismatsins og hvar framkvæmdin Lyklafellslína 1 er stödd í því ferli. Drög að tillögu að matsáætlun vor send til umsagnaraðila í sumar og lauk umsagnarferli vegna þeirra þann 15. ágúst sl. Tillaga að matsáætlun verður send inn til Skipulagsstofnunar á næstu dögum og mun Skipulagsstofnun senda tillöguna til lögbundinna umsagnaraðila en auk þess geta allir sem þess óskað sent inn umsagnir. Frummatsskýrsla verður síðan unnin í takt við tillöguna.

## **Umræður og fyrirspurnir**

(HMJ) vil koma að eftirfarandi fyrir hönd Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands; „**að áætluð Lyklafellslína liggur yfir grannsvæði vatnsverndar alls höfuðborgarsvæðisins. Markmið með byggingu Lyklafellslínu 1 er að leysa Hamraneslínur af hólmi og NSVE gerir kröfu um að aðrar lausnir verði fundnar til að uppfylla það markmið en ekki fara yfir vatnsverndarsvæðin og hætta þannig neysluvatni Stór-Reykjavíkursvæðisins. Grunnvatnsstraumar liggja undir áætlað línustæði Lyklafellslínu 1 í brunnsvæðin en Hamraneslína er að mestu neðan brunnsvæða og er því mikið hættu minni.**“

(HMJ) Vakti athygli á að mikilvægt sé að vatnsverndarsvæðin séu merkt inn á þau kort sem lögð eru fram til útskýringar svo vel sé hægt að átta sig á legu línu og strengja m.t.t. vatnsverndar.

*(SG) Benti á þann aðstöðumun sem er á milli fulltrúa sem í ráðinu sitja, fulltrúar samtaka s.s. eins og Vallasamtaka eru í þessari vinnu í sínum frítíma en ekki vinnutíma. (SG) Kom inn á forsögðu og fyrri upplifun af vinnunni. Lýsti óánægju sinni með spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðamann og aðra vegfarendur í vor. Taka þarf saman hvað hefur breyst síðan í fyrri umferð varðandi framkvæmdina.*

**Fleira ekki rætt - Fundi slitið kl: 16.30**